

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar í upplandi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar í upplandi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

1. gr.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að slá upp og gista í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði.

2. gr.

Afla skal leyfis Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, gróðurskemmdum, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Heimilt að setja skilyrði um t.d. fjölda þeirra sem koma að viðburðinum, umgengni og aðstöðu þegar slík leyfi eru veitt.

3. gr.

Umferð reiðhjóla er aðeins heimil á þar til gerðum hjólastígum og vegum samkvæmt skipulagi svæðisins.

4. gr.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á svæðinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Unnið skal að því að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það.

5. gr.

Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu, þ.m.t. notkun ferðagrilla.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 3. júlí 2024.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.